



Þyrping verður að þorpi

Á uppstigningardag 29. maí 2014 var opnuð ný grunnsýning í Bryggjuhúsi Duushúsa. Á sýningunni er stiklað á stóru um sögu svæðisins allt frá umfjöllun um níundu aldar skála í Höfnum fram undir miðja síðustu öld. Fjallað er um torfbyggingar, eldamennsku, verslun og viðskipti, fiskveiðar og vinnslu, ferðalög og náttúruna. Ólík tímabil flæða saman sem og náttúra og menning.

Um sýninguna

Við gerð sýningarinnar var m.a. stuðst við Sögu Hafnahrepps eftir Jón Þ. Þór, Sögu Njarðvíkur eftir Kristján Sveinsson og Sögu Keflavíkur eftir Bjarna Guðmarsson. Þá var innblástur sóttur til sagnabátta Mörtu Valgerðar Jónsdóttur, Þórarins Tómassonar, Ágúst Guðmundssonar, Jón Thorarensen, og Kristleifs Þorsteinssonar og eru raddir þeirra á nokkrum stöðum í sýningatextum.

Á sýningunni eru náttúrulífsmyndir af Reykjanesi eftir Ellert Grétarsson

Gerð sýningarinnar:

Sýningar- og ritstjóri: Sigrún Ásta Jónsdóttir
Sýningarhönnuðir: Inga Þórey Jóhannsdóttir, Gunnar Ottósson
Grafísk hönnun: Inga Þórey Jóhannsdóttir
Smíðar: Sparri ehf

Safnasjóður og Menningarráð Suðurnesja styrktu sýninguna



Inngangstexti sýningarinnar

Þegar ég kem út á nóttunni þá tek ég alltaf eftir því hvaðan hljóðin koma og hvernig þau eru. Það er aðalatriðið en þar næst er sjávarlagið og útlit loftsins.

Svona útskýrir Bjarni formaður í Höfnum hvernig hann tók veðrið til að ákveða hvort róa ætti þann daginn. Ákvörðunin skipti sköpum fyrir samfélagið, litlir bátar og frumstæð skilyrði í landi lutu oft í lægra haldi fyrir náttúruöflunum. En það þurfti líka að sækja björg í bú, ef ekki var róið, grétu börnin úr sulti og ýmislegt þurfti líka að kaupa fyrir aflann, það þurfti að standa skil á leigunni og borga skuldir.

Það kom einmunatíð og það komu tímar aflaleysis, lífið í sjávarbyggðum var ávallt í takti við sveiflurnar í náttúrunni. En hvernig sem viðraði þá varð að reyna að fiska. Fiskveiðarnar mótuðu allt samfélagið. Hingað sóttu sjómenn, kaupmenn, braskarar og efnamenn með von um góðan afla. Það skarst í odda, barist var um auðinn, blóðið rann en eftir sem áður þurftu formenn að fara út að nóttu til að taka veðrið og ákveða hvort róið yrði þann daginn.

Þéttbýli við sjárvarsíðuna náði fótfestu á 19. öld. Kaupmenn settust hér að og fjárfestu í saltfiskvinnslu og hófu þilskipaútgærð. Fólk flutti í þorpið til að vinna hjá kaupmanni en flestir þurftu að leita víðar fanga til að eiga fyrir lífsnauðsynjum. Margir fóru einnig í vinnutarnir til sveita, veiddu fisk á öðrum slóðum, ræktuðu matjurtir og náðu jafnvel að halda eina kú. Sumir sáu tækifæri í að gera sjálfir út báta ekki síst vélbátana og smátt og smátt uxu byggðirnar við ströndina.

